



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fjölskylduhátíð á Blönduósi
í opinberri heimsókn í
Húnavatnssýslur
15. október 2002

Heiðruðu Húnvetningar
Góðir samkomugestir

Það hefur sannarlega verið fræðandi og ánægjulegt að fara um sýsluna ykkar þessa litskrúðugu haustdaga og kynnast kraftinum og hugkvæmninni sem einkennir mannlíf til sjávar og sveita, öfluggu skólustarfi og margháttuðu atvinnulífi, rifja upp söguna sem héraðið geymir og kynni af því kjarnakyni sem hér hefur búið um langan aldur, heyra sögur af körlum og konum sem á liðnum öldum hafa lífgað upp á þjóðarbrag.

Húnvetningar hafa alltaf haft mikla sérstöðu eins og fram kemur í frásögn Jóns Espólíns þegar hann greinir frá atburðum aldamótanna 1800:

„Í þann tíma voru flestir Húnvetningar ríklundaðir og virðu menn mjög eftir fjármagni, mannblendni og mannúðleika, rausn og skartsemi, en lausamenn og einhleypingar höfðu gjörst margir undanfarin ár, og voru þeir flestir yfirlætisfullir og sældargjarnir. Sú var ríkmennska bænda í Húnavatnspingi og háttur þeirra, að þeir efldu presta sína nýkomna og aðra yfirmenn og svo suma frumbýlinga að fé, skorti eigi rausn, en þótti lítt koma til fyrimanna nema þeir væru auðugir, vildu þó margir vera sjálfráðir fyrir þeim.“

Frásögn Jóns Espólín var undanfari hinnar miklu Húnvetninga sögu sem Gísli Konráðsson samdi og hinn ágæti fræðimaður Jón Torfason frá Torfalæk gaf glæsilega út fyrir fjórum árum í þremur bindum. Má hér líka nefna hina góðu bók Páls Kolka, Föðurtún, en þar áréttar hann að Húnvetningar séu afar ólíkir Skagfirðingum og Þingeyingum að lundarfari og hafi umhverfi og landshættir þar haft mest áhrif. Páll kemst svo að orði:

„Húnvetningar hafa alltaf kunnað illa allri yfirdrottun, hvort sem hún birtist í mannlegu gerfi eða í einhverju ofstjórnarkerfi Óðalsættirnar húnvetnsku virðast aldrei hafa reynt að koma sér í mjúkinn hjá Bessastaðavaldinu, þótt þar gætu verið ýmis fríðindi í boði.“

Það væri efni í langa ræðu að lýsa sjálfstæði Húnvetninga gagnvart valdinu sem búið hefur á Bessastöðum en kannski var það táknrænt fyrir rausn Húnvetninga og göfuglyndi að þegar erfitt reyndist í aðdraganda lýðveldisstofnunar að ákveða hvar skyldi vera forsetasetur þá var það Sigurður Jónsson, ættaður úr Miðfirði, sem gaf ríkinu Bessastaði og er reyndar við hæfi að við Íslendingar sýnum betur í verki að við metum þessa miklu gjöf og heiðrum minningu Sigurðar á viðeigandi hátt.

Mér varð líka á góðum stundum fyrr í dag hugsað til orða Huldu Stefánsdóttur, kvenskörungs í Húnaþingi og áhrifakonu í menntalífi sýslunnar á sinni tíð, en hún tók þannig til orða:

„Gamansamir og glettnir geta Húnvetningar verið og þeir finna oft hvað feitt er á stykkinu. Margir eiga hægt með að herma eftir, svo að unun er að, söngur er þeim einnig í blóð borinn. Stuðlar þetta að því að oft er gaman að vera með þeim á mannamótum og í glöðum hópi“.

Þessi orð getum við svo sannarlega tekið undir og við sáum í heimsóknum í skólana ykkar fyrr í dag og í gær að æskan hér í Húnavatnssýslum ætlar sér í þessum efnum ekki að vera eftirbátar þeirra sem eldri eru.

Það er merkilegt uppeldisstarf sem unnið er í skólum hinna dreifðu byggða, tökin á námsefninu og tækifærin til að þroska hæfileika oft önnur en í stærri skólum, nálægðin við mannlíf og náttúru og nán kynni af atvinnulífi strax á æskudögum leiða til þroska og þekkingar sem reynast munu gott veganesti á lífsleiðinni.

Ég færi ykkur í senn þakkir og hamingjuóskir með hið góða starf sem unnið er í skólunum ykkar og ég vona að þið haldið áfram að veita menntun og þroska unga fólksins þann forgang sem einkennt hefur áherslurnar sem hér hafa ríkt í stefnumótun.

Við höfum líka í heimsókninni átt góðar stundir í tveimur kirkjum sem báðar tengjast sögu landsins og varðveita merkar minjar um liðna tíð. Á Melstað getur að líta hagleiksverk eftir Magnús Jónsson prófessor og Ríkharð Jónsson myndhöggvara og tafla í kirkjunni minnir okkur á einn mesta fræðimann Íslands á liðnum öldum, Arngrím lærða. Og í Þingeyraklausturkirkju snemma í morgun skynjuðum við hvernig hin

mikla saga kristindóms í landi okkar getur hljómað sterkt á einum stað. Þar var um aldir eitt helsta fræðasetur Íslendinga, Þingeyraklaustur, vígt heilögum Nikulási, stofnsett árið 1112 að undirlagi hins helga Hólabiskups Jóns Ögmundssonar þótt það hafi dregist að treysta fjárhagslegar undirstöður þess fram til 1133 þegar Vilmundur var vígður ábóti.

Á Þingeyrum varð höfuðsetur bókmennta og ritmenningar í landinu fram undir siðaskipti, öflug og auðug stofnun á kostaríku stórbýli þaðan sem vítt sér til allra átta. Kristnin átti góðar rætur í héraðinu frá eldri tíð enda var fyrsti íslenski kristniboðinn, Þorvaldur víðförli Konráðsson, Húnvetningur og hóf sitt kristniboð í heimahögum eins og lýst er í fornum þætti sem við hann er kenndur. Bókmenntaiðja munkanna beindist í öndverðu einkum að helgum mönnum og klerklegum fræðum en nærri aldamótunum 1200 hefst á Þingeyrum veraldleg sagnaritun með skrásetningu konungasagna. Sverrissaga eftir Karl Jónsson ábóta á Þingeyrum er eitt hið merkasta verk í fornri bókmenntasögu okkar Íslendinga, en munkarnir Oddur Snorrason og Gunnlaugur Leifsson áttu hvor með sínu lagi einnig drjúgan hlut að ritun konungssagna með sögum sínum um Ólaf Tryggvason og öðrum textum. Á 14. öld sat síðan á Þingeyrum í stóli ábóta Arngrímur Brandsson sem skrifaði eina af sögum hins litríka flökkubiskups á Hólum, Guðmundar Arasonar.

Þingeyraklausturkirkja geymir líka listmuni og fagra gripi, predikunarstól og altarisbrík, oblátuöskjur, kaleik og stjaka sem allt vitnar um samspil íslenskra hefða og alþjóðlegra menningarstrauma og er kirkjan þannig áminning um að þjóðinni hefur þá að jafnaði vegnað best þegar hún hefur borið gæfu til að nýta sér það helsta úr heimsmenningunni og laga það að menningu og arfleifð sem fólkið í landinu hefur sjálft skapað, að endurnýjun og hin bestu verk eiga sér jafnan traustar rætur í íslenskri mold en sækja einnig frjóa næringu í uppsprettulindir með öðrum þjóðum.

Þannig getur Þingeyraklausturkirkja og reyndar margt annað úr sögu og arfleifð Húnvetninga verið okkur notadrjúgur efniviður þegar við tökum til umræðu stöðu Íslands í framtíðinni, hvernig best er að haga tengslum við nágrannaríki og hvernig við eigum að bregðast við evrópskri þróun og umbreytingum í veröldinni. Hin sjálfstæða hugsun hefur löngum verið aðal Húnvetninga eins og lýsingarnar vitna um sem ég nefndi áðan og héðan hafa komið og koma enn skörungar sem látið hafa að sér kveða í baráttunni fyrir sjálfstæðum rétti Íslendinga og framförum í þágu þjóðar.

Arnljótur Ólafsson, Páll Vídalín og Valtýr Guðmundsson áttu rætur í Húnaþingi og voru í forystusveit þegar Íslendingar tóku að sækja

sjálfstæðan rétt í hendur konungs Dana og Valtýr ásamt Hannesi Hafstein í broddi fylkinganna þegar Heimastjórnin var fest í sessi.

Þá var það fjölmenn sveit sem Húnvetningar sendu á þing, Jónar tveir Pálmasynir, sá fyrri skömmu eftir miðbik 19. aldar en hinn í röskan aldarfjórðung, frá kreppuárum til lýðveldistíma; nafni þeirra Jón Jónsson í Stóradal sem átti sér hugsjón um bændaflokk, Hannes og Skúli í Vestursýslu og svo Björn Pálsson fyrst kosinn í Austursýslu og síðar fulltrúi fyrir Norðurland vestra, ógleymanlegur öllum sem honum kynntust. Og á síðari árum ráðherrar tveir Pálmi á Akri og Páll Pétursson á Höllustöðum sem báðir hafa markað djúp spor í framfararsögu þjóðarinnar á okkar tímum.

En þeir eru fleiri sem eiga rætur í Húnáþingi og verið hafa afgerandi og haft ríkuleg áhrif á menningu og hagsæld Íslendinga.

Jón Árnason færði okkur auðlegð þjóðsagnanna, Sigfús Blöndal höfundur ásamt konu sinni Björgu að hinni veglegu orðabók sem var þyngst allra bóka sem ég kynntist í æsku, Jón Jóhannesson sagnfræðingur sem veitti okkur nýja sýn á sögu Íslands, baráttukonan Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem var frumherji í því að skapa konum aukinn rétt, Sigurður Nordal hinn mikli meistari íslenskra fræða á nýliðinni öld, höfundur hins merka rits um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur, áhrifamaður um skáldskap og listir, kennari og heimspekingur; og hálfbróðir hans Jón Eyþórsson veðurfræðingur sem galt héraðinu fósturlaunin með ágætri lýsingu á Austur-Húnavatnssýslu í Árbók Ferðafélagsins. Ég nefni aðeins fáein nöfn og má þá ekki gleyma Erlendi í Unuhúsi sem Halldór Laxness, Þorbergur og listmálarar hafa gert ódauðlegan í verkum sínum, hinum Taoiska speking sem gaf ungum andans mönnum húsaskjól og birtist okkur aftur og aftur endurfæddur í mörgum verkum Halldórs.

Ég vil einnig minnast hér hins ágæta fræðimanns Hermanns Pálssonar sem nýlega er látinn, en hann var einn skarpasti rýnir sem við höfum átt á forna menningu, afkastameiri en aðrir fræðimenn, hugmyndaríkur og skemmtilegur rithöfundur. Síðasta bók hans, Grettissaga og íslensk siðmenning, kom út fyrir skömmu hjá Bókaútgáfunni á Hofi en bókina skrifaði Hermann að mestu nærri heimaslóðum, í góðu atlæti í Blöndustöð.

Það er nú reyndar orðið svo með hetjuna Gretti að margir vilja nú nýta hann til nýrra verka. Leikrit byggt á sögu hans var nýlega frumsýnt í Hafnarfirði við góðar undirtektir, unnið er að óperu um Gretti sem sýna á víða um lönd á næstu árum og ýmsir hafa hugað að hetjukvikmynd um örlög hans.

Þessi mikli áhugi á Gretti endurspeglar ef til vill ákveðna þætti í tíðaranda og gefur ykkur heimamönnum margvísleg tækifæri til að nýta ykkur Gretti í þágu menningartengdrar ferðaþjónustu og finnst mér hugmyndir um verkefnið Grettistak vera skemmtilegar og reynslan af Grettisdögum býsna góð.

Grettir hefur löngum verið nákominn íslenskri þjóðarsál og Halldór Kiljan Laxness lýsti því vel í eftirmála sínum að Grettissögu en þar sagði Halldór:

„Hér er birt í yfirnáttúrlegri stærð myndin af Íslandi og þess manni, en miðaldirnar í baksýn. Hér er saga þess manns sem einmana og allslaus er dæmdur til að berjast við óbyggðir, fárviðri og myrkur, sagan, ef vill, um hinn sterka mann, sem á engan bandamann, nema hjartað í brjósti sínu, í baráttunni við náttúru, mannfélag, guðleg máttarvöld – og sig sjálfan Með nokkrum rétti ... má segja að hér sé sögð saga hins íslenska þjóðdýrlings, og þó sönnu nær að þetta sé píslarsaga hins eina sanna íslenska krists, sem er maður og vættur til helminga, þjóðkristisins, sem ber alla vora sorg og sekt, þess samnefnara þar sem allar hinar meiri háttar sögur vorar, og þjóðarsagan líka, ganga upp“.

Þótt hæpið sé að við hin förum að bæta við þessa snjöllu lýsingu Halldórs þá höfðar Grettir ef til vill til okkar nútímamanna vegna þess að hann er harmsöguleg hetja sem gerir kannski of mikið af því að skapa sig sjálfur, tefla á tæpasta vað og sinna ekki aðvörunum og fyrirboðum. Hann missir stjórn á sér þegar síst skyldi og skortir þá hófsemi sem talin var til höfuðkosta á miðöldum, enda sagði Jökull frændi hans þegar Grettir staldraði við hjá honum á leið í Forsæludal að sitt væri hvað, gæfa eða gjörvuleikur. Og þar átti móðir hans, skörungurinn Ásdís á Bjargi kannski drjúgan hlut: Ásmundur vildi gera bónda úr syni sínum, vonaði að hann hlypi af sér hornin, en Ásdís man forna frægð frænda sinna í Vatnsdalnum og hvatti óspart þennan óstýriláta dreng til hetjudáða.

Dugmiklir bændur og kjarnakonur hafa um aldir verið burðarásar í mannlífi í Húnaþingi og er fróðlegt að rifja upp lýsingu Huldu Stefánsdóttur, skólastjóra og merkiskonu á framtaki kvenna í Svínavatnshreppi árið 1870 þegar þær stofnuðu með sér félag, eitt fyrsta kvenfélag sem stofnað var í íslenskri sveit. Fyrsta verk þessara góðu kvenna var að kaupa þrjónavél og saumavél en Hulda kemst svo að orði í lýsingu sinni:

„Lög félagsins bera vott um að þarna voru myndarkonur á ferð, sem ekki einungis stjórnðu heimilum sínum með ráðdeild og dugnaði, heldur höfðu líka til að bera félagslyndi, göfugt og gott hugarfar,

sem þarf til þess að láta aðra verða aðnjótandi reynslu sinnar og þekkingar“.

Þessi lýsing Huldu á eiginleikum kvennanna í Húnaþingi og sú margbrotna saga sem héraðið geymir allt frá landnámstíð til okkar daga minnir okkur á að sýslan ykkar er óvenju sagnaríkt hérað. Fjöldi Íslendingasagna á hér sinn heimavöll og er Grettla þar í góðum félagsskap með hinni miklu ættarsögu Vatnsdæla sem dregur upp skýra mynd af því hvernig héraðshöfðingjar hófust til valda en er líka skemmtileg frásögn um átök við alls konar galdrahyski, auðug af atburðum og persónum, efnistöfum og stíl og jafnvel meistaraleg eins og þegar lýst er dauða Ingimundar. Lýsingarnar eru reyndar líka margar spaugilegar eins og þær sem beint er að forneskju og hjátrú, einkum viðureign hinna hamingjuríku Hofverja við illvígur kerlingar, tuttugu tryllta og risavaxna svarta ketti og seiðskratta af ýmsu tagi. Er greinilegt að höfundur Vatnsdælasögu ber óttablandna virðingu fyrir þessu kunnáttufólki og illþýði þótt lesandinn þurfi ekki að efast um sigur hins góða.

Þessar lýsingar Vatnsdælasögu hafa ef til vill orðið til þess að landsmenn hafa löngum borið óttablandna virðingu fyrir Húnavetningum og talið að vissara væri að hafa þá með sér en á móti.

Hér hefur sjálfstæð hugsun jafnan verið talin til helstu dyggða og Húnavetningar verið ófeimnir við að láta að sér kveða, vegið og metið á forsendum eigin reynslu hvað best sé að gera hverju sinni.

Þessir eiginleikar eru okkur ekki síður nauðsynlegir nú þegar þjóð okkar þarf að feta erfiða stigu til að halda sínu í því umróti sem einkennir heimsbyggðina.

Raddir Húnavetninga þurfa því að hljóma skýrt í samræðum þjóðarinnar á ókomnum árum og ég hvet ykkur sérstaklega til að láta að ykkur kveða í framtíðinni.

Mannlíf og saga sem hér hafa átt heimaslóðir og náttúran, dalir og heiðar, fjöll og firðir sem verið hafa tignarleg umgjörð um örlög og ævi Húnavetninga – allt veitir þetta ykkur sterka stöðu. Þið getið vísað til þess sem áunnist hefur á liðinni tíð en einnig til þeirra hefða sem gert hafa Húnavetninga að áhrifamönnum þegar tekist hefur verið á um ríkjandi stefnu og hvert Íslendingar skuli halda.

Það er gæfa okkar þjóðar að héruðin hafa fóstað karla og konur sem orðið hafa fulltrúar fyrir þá eiginleika sem best hafa dugað í aldanna rás og Húnavatnssýslur hafa þar löngum verið í fararbroddi og vona ég að svo verði enn um alla framtíð.

Ég hef skynjað það sterkt þessa heimsóknardaga að mannlífið á hér djúpar rætur og unga fólkið sem við höfum rætt við í skólunum ykkar ber ríkuleg einkenni þeirrar sjálfstæðu hugsunar sem verið hefur arfleifð Húnvetninga. Skoðanir krakkanna, viðhorf og reynsla þótt ung séu að árum er góður vitnisburður um að skólakerfið í sýslunni ykkar þroskar þau vel og þjálfar.

Við munum hafa með okkur héðan góðar minningar frá þessum stundum en líka frá viðræðum við eldri borgara sem við höfum hitt, kynslóðina sem snéri Íslandi úr fátækt á framfarabraut, fólkið sem svo sannarlega man tímana tvenna og skilur kannski betur en við hin hve ótrúlegum árangri Íslendingar náðu á liðinni öld.

Heimsóknir í Rækjuvinnsluna á Skagaströnd, vinnslufyrirtækið Norðurströnd, vefdeild Ístex, Sölufélagið hér á Blönduósi og í fyrirtækin á Hvammstanga svo nokkuð sé nefnt hafa líka veitt okkur fróðlega innsýn í það hve fjölbreytt atvinnulífið í sýslunni er í rauninni orðið þótt oft sé sagt að einhæfni einkenni landsbyggðina. Og ekki má gleyma snillingnum í Kántrýbæ sem laðar til héraðsins þúsundir gesta á hverju ári og er lifandi dæmi um áhrifamátt óvæntra hugmynda og hæfileika.

Það eru einmitt eiginleikar fólksins sjálfs sem mestu ráða um framtíðina og Húnvetningar hafa verið og eru enn sérstaklega vel í sveit settir hvað það varðar. Mannauður hefur ávallt verið hér mikill og hann er sú auðlind sem þjóðinni mun best duga um ókomin ár.

Húnvetningar eiga í sjálfum sér, hæfileikum og reynslu fólksins, sögu og menningu heimabyggðar, gjöfum jörðum og góðum miðum, fjölbreyttri náttúru, víðáttu dala og heiða og reyndar landinu öllu sem teygir sig frá nyrstu töngum upp til jökla, slík auðæfi að ríkuleg ástæða er að horfa björtum augum til framtíðarinnar.

Ég vona að sú bjartsýni verði ykkur leiðarljós og þakka ykkur fyrir frábærar móttökur, einstaklega skemmtilegar samverustundir og þá vináttu og hlýhug sem þið hafið jafnan sýnt.

Ég óska ykkur gæfu og gengis á komandi árum og veit að heilladísir munu áfram vaka yfir Húnvetningum.